

Minnisblað

Til: Skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd
Frá: Guðrún Birgisdóttir
Dags. 11. mars 2025
Mnr. 2025030091



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - gjaldfrjáls afnot af íþróttamiðstöð á Flateyri og sundkort fyrir nemendur

Í lok maí 2023 rann út samningur Ísafjarðarbæjar og Lýðskólans á Flateyri þar sem fram kom hvernig samstarfi þessara aðila var háttað. Þar kom m.a. fram að Ísafjarðarbær myndi styrkja Lýðskólann með því að fá afnot af Félagsheimilinu á Flateyri, sem er í eigu Ísafjarðarbæjar. Jafnframt veitti Ísafjarðarbær styrk fyrir afnotum af sundlauginni og íþróttasalnum á Flateyri, alls 10 klukkustunum á viku vegna íþróttastarfsemi eða viðburða á vegum skólans.

Þann 19. september 2023 barst erindi frá skólastjóra Lýðskólans, þar sem óskað var eftir að skólinn fengi tvo tíma á viku í sal íþróttahússins á Flateyri endurgjaldslaust skólaárið 2023-2024. Á 1256. fundi bæjarráðs þann 25. september 2023 var samþykkt að Lýðskólinn fengi 2 tíma á viku í íþróttahúsinu á Flateyri sem var bókað sem fjárstyrkur til skólans.

11. mars 2025 barst erindi frá Margréti Gauju Magnúsdóttur, skólastjóra Lýðskólans á Flateyri, þar sem óskað er eftir gjaldfrjálsum afnotum af íþróttahúsinu á Flateyri 2 tíma á viku. Jafnframt er óskað eftir afslætti af sundkortum fyrir nemendur Lýðskólans þá 8 mánuði sem skólinn er starfræktur.

Kostnaðurinn við að láta Lýðskólanum í té 2 tíma í íþróttahúsinu á viku, út árið 2025 er áætlaður kr. 274.170. Kostnaðurinn við afslátt af sundkortum fyrir nemendur Lýðskólans er háður því hvaða afsláttur er veittur en hann yrði á bilinu kr.100.000-200.000 en hér þarf að huga að því hvaða fordæmi sé verið að gefa.

Óskað er eftir afstöðu skóla-, íþrótt- og tómstundasviðs til þess hvort styrkja eigi Lýðskólann á Flateyri með þessum hætti.